

og sem embættismann, og með því að yfirdómurinn einnig verður að fallast á álit undirdómarans um það, að engin þau atvik hafi orðið sönnuð í málinu, er gætu gefið áfrýjanda heimild til að viðhafa hin átöldu ummæli um stefnda, getur áfrýjandi eigi komið hjá sekt fyrir þau, samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hún eigi of hátt ákveðin 50 krónur, eins og undirdómurinn hefur gjört. Samkvæmt þessu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að því er sekt, málskostnað og ómerkingu meiðyrða snertir. Með því að málinu eigi hefur verið áfrýjað, að því er snertir sekt Sigurðar Sigurðssonar, málsfærslumanns áfrýjanda fyrir undirrjettinum, verður dómnum eigi heldur breytt að þessu leyti. Eftir þessum úrslitum málsins er rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 16 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, Jón Erlendsson, hinum stefnda, E. Th. Jónassen, 16 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 27/1891

Íngjaldur Sigurðsson
gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Með merkjadómi, sem upp var kveðinn í aukarjetti

Kjósar- og Gullbringusýslu 6. júlí 1885, var það ákveðið, að landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða skyldu vera frá hæstu þúfunni nyrzt á Lambastaðaholti suður í sjó, austanvert við svo kallað Kaplaskjólshús; en þessum dómi skaut stefndi, sem hafði höfðað málið fyrir merkjadóminum, til yfirdómsins, er 21. des. næst eptir ómerkti dóm þenna og vísaði málinu heim aptur.

Af málsins skjölum sjest, að af stefnda hendi hefur aptur seinna verið gjörð önnur tilraun til þess, að fá fullnaðardóm um landamerkin, en hún virðist eigi hafa heppnast; engu að síður ljet bæjarstjórn Reykjavíkur hanstið 1889 setja upp merkisteina, þar sem hún taldi að landamerkin væru milli Reykjavíkur lands og Lambastaða. Áfrýjandinn, sem er eigandi og ábúandi Lambastaða, áleit þetta gjörræði og yfirgang, og felldi um koll eða færði úr stað nokkra af þessum steinum; svo ljet hann og taka eitthvað af mó upp Reykjavíkurmegin við steina þessa, sem bæjarstjórnin hafði látið setja upp.

Út af þessu höfðaði bæjarstjórnin mál á móti áfrýjandanum fyrir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu til sekta og skadabóta fyrir gjörræði eða ólöglega sjálf-töku, en málinu var með dómi gestarjettarins 26. okt. f. á. frávísað, með því að það væri þess eðlis, að það ætti að koma fyrir landamerkjadóm; málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum gestarjettardómi áfrýjaði stefndi til yfirdómsins, til þess að hann yrði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til dómsáleggingar að efninu til, og tók yfirdómurinn þessa kröfu stefnda til greina í dómi sínum í málinu, sem upp var kveðinn 6. apríl þ. á., og var málskostnaðurinn fyrir yfirdómi látinn falla niður.

Hinn 10. júní fjell af nýju dómur gestarjettarins í

málinu á þá leið, að Ingjaldur Sigurðsson var skyldaður til að greiða í sekt til landssjóðs 20 kr., eða, sje sektin ekki greidd, sæta 6 daga einföldu fangelsi; ennfremur var honum uppálagt, að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur skaðabætur eptir óvilhallra, dómkvaddra manna mati, og setja marksteina þá, sem hann reif eða ljet niðurrífa, í samt lag aptur, hvar að auki honum var gjört að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað með 40 kr.

Þessum gestarjettardómi hefur Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu frá 9. júlí þ. á. og látið krjefjast, að hann verði úr gildi felldur og honum breytt og hrundið þannig, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur af kærum og kröfum bæjarstjórnar Reykjavíkur í þessu máli, en að bæjarstjórnin verði dæmd til að greiða honum málskostnað allan fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð.

Á hinn bóginn hefur bæjarstjórn Reykjavíkur gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum atriðum, og áfrýjandi dæmdur til að greiða bæjarstjórninni hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eptir rjettarins mati.

Með hinum framlögðu sönnunargögnum, nefnil. eptirriti úr Bessastaðabók um landamerki milli Víkur Örfæriseyjar, Eyðis og Lambastaða, eptirriti af áreiðarbrjefi milli Reykjavíkur og Eyðis anno 1600, útskrípt úr kirkjubók Reykjavíkur, löggiltri 1778, og áreiðargjörð um landamerkin frá 17. febr. 1879, verður nú eigi álitíð, að stefndi hafi fært lögfulla sönnun fyrir því, að landsstykki það, þar sem marksteinarnir voru settir upp og mórinn tekinn, sje eign Reykjavíkur kaupstaðar, þar sem gögn þessi engan veginn verða skoðuð sem

alveg áreiðanleg og authentísk eignarheimildarskjöl fyrir spildunni, en um merkin milli Reykjavíkur og Lambastaða hefur enn enginn fullnaðar-landamerkjadómur gengið, og verða því úrslit málsins að vera undir því komin, hvor málsaðila álízt að hafa haft eignarhald á spildunni.

Í þessu tilliti athugar yfirdómurinn, að áfrýjandinn hefur haldið því staðfastlega fram, að hann hafi allan þann tíma, sem hann hefur búið á Lambastöðum, um eða yfir 20 ár, yrkt og notað hina umgetnu spildu árlega eptir megni og þörfum til beitar, slægna og mó-taks, en að Reykjavíkur bær hafi aldrei yrkt eða notað hana nema að eins lítinn hluta hennar í svonefndu Kaplaskjóli til útmælinga nokkurra tómt húslóða, og hefur stefndi ekki mótmælt þessari skýrslu áfrýjandans, eða reynt til að sanna með vitnaleiðslu, að hún væri röng. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að landsstykki það, þar sem marksteinarnir voru reistir upp og áfrýjandinn tók upp móinn, hafi að undanfögnu verið notað og yrkt af áfrýjandanum þannig, að hann verði að teljast »possessor« að henni, en þar af leiðir aptur, að hann verður ekki sakadur um það, þó hann fellði um koll marksteina, sem hinir stefndu höfðu látið setja upp þar í heimildarleysi, og tæki mó upp á hinu um-prætta svæði, sem hinir stefndu eigi enn hafa sannað, að sje eign kaupstaðarins.

Samkvæmt þessu ber áfrýjandann að dæma sýknan af öllum kærum og kröfum stefnda í þessu máli. Eptir þessum úrslitum málsins virðist rjett, að dæma stefnda, bæjarstjórn Reykjavíkur, til að greiða hæfilegt málskostnaðarendurgjald, sem ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson á Lambastöðum, á af öllum kærum og kröfum stefndu, bæjarstjórnar Reykjavíkur, í máli þessu sýkn að vera.

Í málskostnað fyrir báðum rjettum borgi bæjarstjórn Reykjavíkur áfrýjandanum 30—þrjátíu—krónur, sem greiðist honum innan 8 vikna frá dóms þessa lögbirtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvembermánaðar.

Nr. 8/1891:

Rjettvísinn

gegn

Stefáni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, sem upp var kveðinn 17. jan. þ. á., var hinn ákærði, Stefán Ólafsson á Kotleysu þar í sýslu, dæmdur eptir 250. gr. hinna almennu hegningarlaga í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu og af varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til síra Ólafs Sæmundssonar 5 kr.

Þessum dómi hefur eptir beiðni ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með því hin upphaflegu próf í málinu þóttu mjög óljós, heimtaði yfirdómurinn nánari og frekari skýringar í málinu. Samkvæmt þeim skýringum, sem nú eru fengnar í málinu, og framburði ákærða, sem í öllu verulegu verður að fara eptir, þar sem hann ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu,